



## Fundargerð

369. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 14. ágúst 2014 kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB) og Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) í forföllum Vilbergs Þráinssonar. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkominn, setti fundinn og spurði eftir öðrum málum á dagskrá. Oddviti leitaði afbrigða að taka inn þrjú mál undir liðinn önnur mál, var það samþykkt samhljóða. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Fundargerðir

#### 1. 368. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt.*

#### 2. Skipulags-, hafnar- og húsnæðisnefnd 11. ágúst 2014.

*Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.*

**1402022 – Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, þéttbýlið á Reykhólum, efnistaka og frístundabyggð í landi Kirkjuból.**

*Sveitarstjórn staðfestir bókun nefndarinnar samhljóða.*

**1408010 – Framkvæmdir við leikvöll Reykhólaskóla.**

*Sveitarstjórn frestar framkvæmdum við lóð Reykhólaskóla til vorsins 2015.  
Samþykkt samhljóða.*

**1408011 – Gatnagerðargjöld á Hafnarslóð.**

*Sveitarstjórn hefur farið yfir málið er varðar lið 5.3 í gatnagerðargjaldskrá sveitarfélagsins.*

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að veita 50% afslátt af gatnagerðargjöldum af atvinnulóðum í sveitarfélaginu til að ýta undir uppbyggingu á atvinnuhúsnæði á svæðinu til næstu tveggja ára. Samþykktin gildir einnig um þau fyrirtæki sem fengu álögð gatnagerðargjöld vegna atvinnulóða árið 2013.  
Samþykkt samhljóða.*

*Fundargerðin samþykkt í heild sinni.*

### Mál til afgreiðslu

#### 1. 1406015 – Endurskoðun á samþykkt um stjórn Reykhólahrepps.

*Seinni umræða.*

*Eftirfarandi breytingar eru samþykktar.*

*8. gr. 1. mgr. Sveitarstjórn Reykhólahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu að Maríutröð 5a, annan fimmtudag í mánuði kl. 16.30.*

*39. gr. liður A. Grein 2 um búfjáreftirlitsmann fellur út, og aðrar greinar þar fyrir neðan færast upp um eitt númer.*

*39. gr. liður A. Grein 3, Skipulags-, hafnar- og húsnæðisnefnd, undir nefndina falli einnig málefni landbúnaðar skv. lögum um búfjárhald nr. 38/2013.*

*39. gr. liður B. Við bætist 8. grein um stjórn Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps. Sveitarstjórn kýs einn aðalmann og einn til vara.*

*Breytingarnar samþykktar samhljóða, sveitarstjóra falið að senda samþykktina til innanríkisráðuneytisins til staðfestingar og birtingar í b-deild Stjórnartíðinda.*

**2. 1406016 – Endurskoðun á siðareglum fyrir kjörna fulltrúa hjá Reykhólahreppi.**  
Seinni umræða.

*Eftirfarandi breyting er samþykkt.*

*Við siðareglur bætist eftirfarandi grein:*

**Trúnaður**

*Kjörnir fulltrúar gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.*

*Greinar þar á eftir færast upp um eitt númer.*

*Breytingarnar samþykktar samhljóða, sveitarstjóra falið að senda siðareglur til innanríkisráðuneytisins til staðfestingar.*

**3. 1405020 – Skoðanakönnun um sameiningu sveitarfélaga.**

*Erindi frá sveitarstjóra Dalabyggðar dagsett 3. júlí 2014, samrit sent Strandabyggð. Erindi frá Strandabyggð dagsett 16. júlí 2014, samrit sent Dalabyggð.*

*Erindin eru samhljóða þar sem óskað er eftir því að sveitarfélögin fundi ásamt Reykhólahreppi í framhaldi af skoðanakönnun sem gerð var jafnframt sveitarstjórnarkosningum.*

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að funda með forsvarsmönnum sveitarfélaganna Dalabyggðar og Strandabyggðar um sameiningarmál sem og önnur sameiginleg málefni og frekara samstarf sveitarfélaganna. Sveitarstjóra falið að undirbúa fundinn í samvinnu við sveitarstjóra Dalabyggðar og Strandabyggðar, samþykkt samhljóða.*

**4. 1408006 – Boðun á XXVIII. landsþing Samband íslenskra sveitarfélaga.**

*Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 4. júlí 2014*

*Erindið varðar XXVIII. landþing SÍS sem haldið verður á Akureyri dagana 24.-26. september 2014.*

*Áslaug Berta Guttormsdóttir er fulltrúi sveitarstjórnar á landþingi SÍS, sveitarstjóri mætir einnig á þingið fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.*

**5. 1408012 – Endurgreiðsla til sveitarfélaga vegna refaveiða.**

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 10. júlí 2014 og drög að samningi til umsagnar.

*Sveitarstjórn fór yfir erindið og samning UST við Reykhólahrepp um refaveiðar næstu þrjú árin. Samningurinn felur í sér endurgreiðslu á allt að þriðjungi af kostnaði sveitarfélagsins gegn skilum á upplýsingum til UST.*

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við samninginn aðrar en þær, að ekki er haldið utan um upplýsingar um tjón af völdum refs hjá sveitarfélaginu og hefur það engan grundvöll til þess að meta það tjón. Ekki verður séð hvernig hægt verður að uppfylla þá kröfu UST í samningnum. Sveitarfélagið óskar eftir því hvort UST hafi einhverjar lausnir varðandi það. Samþykkt samhljóða.*

**6. 1408013 – Umsókn um leikskóladvöl tveggja barna utan lögheimilissveitarfélags.**

Erindi frá Árný Huld Haraldsdóttur og Baldvini Reyrr Smárasyni dagsett 8. ágúst 2014.

*Sveitarstjórn samþykkir umsóknirnar samhljóða.*

**7. 1408014 – Útgáfa á Vestfjarðariti IV.**

Erindi og minnispunktar frá oddvita dagsett 11. ágúst 2014.

*Erindið er frá Útgáfufélagi Búnaðarsambands Vestfjarða vegna útgáfu á Vestfjarðariti IV. Einnig eru lagðir fram minnispunktar oddvita vegna málsins, en haft var samband við hann af Útgáfufélaginu.*

*Vegna sérstöðu verkefnisins hefur sveitarstjórn ákveðið að veita styrk til útgáfu bókarinnar til þriggja ára, allt að kr. 500.000 í senn, árin 2014-2016. Sveitarstjóra er falið útbúa samning við Útgáfufélagið, þar sem fram komi að útvegist aðrir styrkir í verkefnið hér eftir lækki framlag sveitarfélagsins sem því nemur. Þessi styrkur kemur til viðbótar áður samþykktum styrk sveitarstjórnar fyrr á árinu. Samþykkt samhljóða.*

**Mál til kynningar**

**8. 1408007 – Fjármálastjórn sveitarfélaga.**

Bréf til sveitarstjórna frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dagsett 12. júní 2014.

*Erindið lagt fram og kynnt.*

**9. 1408008 – Viðaukar við fjárhagsáætlanir.**

Bréf til sveitarstjórna frá innanríkisráðuneyti dagsett 18. júní 2014.

*Erindið lagt fram og kynnt.*

**10. 1408015 – Fundargerð framkvæmdaráðs umhverfissvottunar 9. júlí 2014.**

*SRB fór yfir fundargerðina. Sveitarstjórn tekur jákvætt í tillögur að verkefnum í fundargerðinni. SRB falið að kynna skólastjóra verkefni tengt skólanum.*

**11. 1408009 – Fundargerð 817. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og ársskýrsla 2014.**

Ársskýrslan lögð fram á fundinum, hún er aðgengileg á vef SÍS, [www.samband.is](http://www.samband.is).

*Fundargerðin lögð fram ásamt ársskýrslu.*

**Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin**

**12. 1408016 – Fundargerð stjórnar Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps 13. ágúst 2014.**

*Farið yfir fundargerðina.*

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir bókun nefndarinnar um fulltrúa í barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda þar sem María Maack er tilnefnd sem aðalmaður í nefndina og Áslaug Guttormsdóttir til vara. Samþykkt samhljóða.*

**13. 1302028 – Málefni Staðarhafnar.**

Erindi frá Birni Samúelssyni dagsett 14. ágúst 2014.

*Farið yfir málið, erindinu vísað til skipulags-, hafnar- og húsnæðisnefndar.*

**14. Stuðningur við fornleifaskráningu í Flatey.**

Erindi frá Fornleifafélagi Barðstendinga og Dalamanna.

*Sveitarstjórn vísar málinu til skipulags-, hafnar- og húsnæðisnefndar.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.

_____	_____
_____	_____
_____	_____